

STJÓRNARTÍÐINDI A 17 – 1997

16. desember 1997

389

Nr. 115

LÖG

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 12. gr. laganna:

- a. 10. tölul. orðast svo: Sala á þjónustu til aðila sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi, enda sé þjónustan nýtt að öllu leyti erlendis. Skattskyld þjónusta, sem veitt er í tengslum við menningarstarfsemi, listastarfsemi, íþróttastarfsemi, kennslustarfsemi og aðra hliðstæða starfsemi sem fram fer hér á landi og er undanþegin skattskyldu skv. 3. mgr. 2. gr. laganna, telst ávallt nýtt hér. Jafnframt er sala á þjónustu til aðila sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi undanþegin skattskyldri veltu þó að þjónustan sé ekki nýtt að öllu leyti erlendis ef kaupandi gæti, væri starfsemi hans skráningarskyld hér á landi, talið virðisaukaskatt vegna kaupa þjónustunnar til innskatts, sbr. 15. og 16. gr. Eftirtalin þjónusta fellur undir þennan tölulið:
 - a. framsal á höfundarrétti, rétti til einkaleyfis, vörumerkis og hönnunar, svo og framsal annarra sambærilegra réttinda,
 - b. auglýsingaþjónusta,
 - c. ráðgjafarþjónusta, verkfræðiþjónusta, lögfræðiþjónusta, þjónusta endurskoðenda og önnur sambærileg sérfræðiþjónusta, þó ekki vinna við eða þjónusta sem varðar lausafjármuni eða fasteignir hér á landi,
 - d. tölvuþjónusta, önnur gagnavinnsla og upplýsingamiðlun,
 - e. kvaðir og skyldur varðandi atvinnu- eða framleiðslustarfsemi eða hagnýtingu réttinda sem kveðið er á um í þessum tölulið,
 - f. atvinnumiðlun,
 - g. leiga lausafjármuna, þó ekki neins konar flutningatækja,
 - h. þjónusta milligöngumanna sem fram koma í nafni annars og fyrir reikning annars að því er varðar sölu eða afhendingu þjónustu sem um ræðir í þessum tölulið,
 - i. fjarskiptaþjónusta.
- b. 11. tölul. orðast svo: Þjónusta sem felst í endurgreiðslu á virðisaukaskatti til aðila búsettra erlendis.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „skattskylda þjónustu“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: þjónustu sem talin er upp í 10. tölul. 1. mgr. 12. gr.
- b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:

Aðili, sem skylt er að greiða virðisaukaskatt skv. 1. mgr., skal ótilkvaddur gera grein fyrir kaupum á þjónustu í sérstakri skýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Gjald-dagi er fimmti dagur annars mánaðar frá lokum þess almenna uppgjörstímabils sem viðskiptin falla undir. Greiðslu ásamt skýrslu skal skila til innheimtumanns ríkissjóðs eigi síðar en á gjalddaga.

3. gr.

Í stað orðanna „erlendir ferðamenn“ í 1. mgr. 43. gr. laganna kemur: aðilar búsettir erlendis.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði fyrri efnisliðar 1. gr. um sölu á þjónustu til erlendra aðila gilda frá og með 1. júlí 1997.

Gjört í Reykjavík, 16. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. tölul. 95. gr. laganna orðast svo: frá hvaða tímamarki hlutirnir, sem hugsanlega eru látnir í té sem greiðsla, veita rétt til arðs og sérstök skilyrði varðandi þann rétt.

2. gr.

2. másl. 1. mgr. 96. gr. laganna orðast svo: Í greinargerðinni skal fjalla um efnahagslegar og lagalegar ástæður til grundvallar samrunaáætluninni, svo og ákvörðun endurgjalds fyrir hlutina, þar á meðal sérstök vandkvæði er tengjast ákvörðuninni.

3. gr.

2. másl. 3. mgr. 97. gr. laganna orðast svo: Yfirlýsingin á að lýsa þeirri eða þeim aðferðum sem notaðar voru við ákvörðun endurgjaldsins og skal þar lagt mat á hvort aðferðin eða aðferðirnar séu fullnægjandi í þessu tilviki.